

197

23. des.

4. gr.

Hafi gjald, samkvæmt gjaldskrá þessari, ekki verið greitt, svo að til lokunar komi fyrir veitu, skal taka gjald við endurofnun veitunnar, 2 krónur.

5. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Eskifjarðar, frá 19. júní 1936.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1941 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

198

24. des.

REGLUGERÐ

um tryggingu sjómanna fyrir slysum af völdum ófriðar.

1. gr.

Tryggja skal alla þá sjómenn, sem slysatryggðir eru samkvæmt 8 gr., 1. mgr., tölulið 1 a., laga nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, fyrir slysum af völdum ófriðar, og nær trygging þessi til allra íslenzkra skipa 12 rúmlestir eða stærri.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 66 7. maí 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

199

28. des.

REGLUR

um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenzkum skipum.

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, og samkvæmt reglugerð frá 28. desember 1940, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenzkum skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenzkum skipum:

1. Öll samtöl við einstaklinga í landi eru bönnuð.
2. Öll viðskipti við land, hvort sem er frá talstöðvum eða loftskeytastöðvum, fari fram í skeytaformi, og afrit af skeytunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll samtöl milli skipa fari aðeins fram á 188 metra öldulengd, en þó skal 181,8 metra öldulengd notuð til þess, og einungis til þess að kalla upp aðrar stöðvar og til neyðarþjónustu.